



ÁRSSKÝRSLA ÍDRÓTTAFÉLAGSINS VESTRA 2024





EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORMANNS	3
HJÓLREIÐADEILD	8
KÖRFUKNATTLEIKSDEILD	12
KNATTSPYRNUDEILD	18
BLAKDEILD	26
GILDI OG STEFNUR	31
ÁRSREIKNINGUR	37

Ársskýrsla aðalstjórnar fyrir árið 2024

KÆRA VESTRAFÓLK

Síðasti aðalfundur félagsins var haldinn 15. apríl 2024. Engar breytingar urðu á stjórn þar sem allir stjórnarmenn gáfu kost á sér áfram og engin önnur framboð bárust. Aðalstjórn fundaði tvisvar á árinu auk þess sem haldnir voru tveir formannafundur. Þar fyrir utan eru samskipti á Facebook-síðu aðalstjórnar þar sem ýmis tilfallandi mál eru tekin fyrir. Á Facebook er einnig síðan Vestri-Samráðsvettvangur sem stjórnar- og trúnaðarmenn deilda félagsins hafa aðgang að. Þar eru sett inn erindi sem berast frá Ísafjarðarbæ, HSV, ÍSÍ, UMFÍ og fleiri aðilum. Aðalstjórn átti fulltrúa á samráðsfundum íþróttahreyfingarinnar og Ísafjarðarbæjar og formannafundum HSV. Vestri átti níu þingfulltrúa á héraðsþingi HSV og mættu átta fulltrúar á þingið sem haldið var 7. maí 2024. Óformlegir fundir með ýmsum aðilum voru allnokkrir.

STARFSEMI FÉLAGSINS

Öflug og metnaðarfull starfsemi hefur verið hjá öllum deildum félagsins og árangur eftir því í keppnum á landsvísu. Vestri átti iðkendur í yngri landsliðum og úrtakshópum, sem er alltaf góður mælikvarði á gæði þess starfs sem deildirnar bjóða upp á. Verður hér stiklað á helstu atriðum í starfi deildanna en að öðru leyti vísað í ársskýrslur þeirra fyrir árið 2024.

Knattspyrnudeildin. Meistaraflokkur karla í knattspyrnu spilaði í fyrsta sinn í Bestu deildinni, efstu deild karla. Það var á brattann að sækja en liðið náði að halda sæti sínu í deildinni og annað tímabil í Bestu deildinni staðreynd. Þau ánægjulegu tíðindi urðu knattspyrnudeildin tefldi í fyrsta sinn fram meistaraflokki kvenna en ísfirskt kvennalið í knattspyrnu keppti síðast árið 2013 og þá undir merkjum BÍ/Bolungarvík. Liðið lék í 2. deild kvenna og endaði í næstneðsta sæti, átti brösuga byrjun en sótti mjög í sig veðrið þegar leið á tímabilið og stóð sig vel undir lokin. Liðið var að mestu skipað

ungum heimastelpum og styrkt af fjórum erlendum leikmönnum.

Blakdeildin. Blakdeildin var einnig með meistaraflokk kvenna sem spilaði í 1. deild og náði þeim glæsilega árangri að verða deildarmeistari og komst þar með í fjögurra liða úrslitahelgi. Er skemmst frá því að segja að liðið vann báða leiki sína og tryggði sér þar með rétt til að spila í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili. C-lið kvenna spilaði í 4. deild. Það lið er skipað eldri leikmönnum félagsins ásamt ungum leikmönnum 1. deildar liðsins. Liðið endaði í öðru sæti og náði þar með sæti í 3. deild á næsta tímabili. Meistaraflokkur karla lék í úrvalsdeild þar sem liðið endaði í 5. sæti og var þannig nálægt því að komast í undanúrslit. Liðið var að mestu skipað ungum leikmönnum sem hafa vaxið með hverjum leik og eru nú máttarstólpar í liðinu. B-lið karla spilaði í 2. deild en það lið er skipað ungum leikmönnum sem fá ekki mikinn spilatíma með meistaraflokki karla. Liðið endaði í 9. sæti og spilar því í 3. deild á næsta tímabili.

Körfuknattleiksdeildin. Meistaraflokkur karla í körfuknattleik spilaði í 2. deild og endaði í fjórða sæti sem þýddi að liðið komst í undanúrslitakeppni en féll þar síðan út eftir tap. Leikmannastefna og þjálfun meistaraflokka hefur miðast við að byggja á ungum leikmönnum sem koma upp úr elstu iðkendaflökum deildarinnar. Hjá körfuknattleiksdeildinni er hafinn undirbúningur að stofnun meistaraflokks kvenna sem ætlunin er að taki þátt í Íslandsmóti veturinn 2025–2026.

Hjólreiðadeildin. Hjá hjólreiðadeildinni urðu þau tímamót að þar var í fyrsta sinn boðið upp á skipulagðar æfingar fyrir yngri iðkendur. Þorgils Öttar Erlingsson var ráðinn þjálfari en hann er menntaður hjólaþjálfari með UCI Level 2 þjálfararéttindi. Deildin tók einnig að sér að hýsa í fyrsta sinn Íslandsmótið í Enduro sem fram fór helgina 10.–11. ágúst á Seljalandsdal og Tungudal í



Frá fræðslufundi sem haldinn var haustið 2024 fyrir þjálfara og stjórnarfólk í Vestra. Fyrirlesarar voru Dr. Viðar Halldórsson prófessor við Háskóla Íslands og Þórir Guðmundsson rannsóknarlögreglumaður og stjórnarmaður hjá körfuknattleiksdeild Vestra.

blíðskaparveðri. Keppt var í A-flokki, Masters-flokki, B-flokki, Junior, U17 og Rafhjólaflokki. Ungdúró fór fram á sunnudeginum þar sem keppt var í U11, U13, U15 og U17 flokkum. Fjórir Íslandsmeistaratitlar skilðu sér í hús hjá Vestra.

Lyftingadeildin. Lyftingadeildin er yngsti meðlimur Vestra-fjölskyldunnar og enn að slíta barnsskónum. Þótt deildin sé lítil og fámenn þá er hún skemmtileg viðbót við fjölbreytt starf félagsins. Vestri átti þrjá keppendur á Íslandsmeistaramóti Lyftingasambands Íslands sem haldið var í febrúar á þessu ári. Þetta voru þær Guðrún Helga Sigurðardóttir, Hjördís Ásta Guðmundsdóttir og Aldís Höskuldsdóttir sem allar náðu góðum árangri og vænta má mikils af þeim í framtíðinni. Iðkendur í lyftingadeild Vestra stunda allar æfingar undir stjórn þjálfarans Sigurðar Darra Rafnssonar. Guðrún Helga sækir jafnframt mánaðarlegar landsliðsæfingar og hefur unnið sér rétt til að fara á Norðurlandamót sem haldið verður í Svíþjóð í haustið 2025.

Ýmis verkefni. Á síðasta starfsári hefur verið ánægjulegt að sjá aukið samstarf á milli deilda þar sem lögð hefur verið áhersla á að efla faglegt starf innan félagsins með ýmiss konar fræðslu.

Deildirnar unnu saman að kynningu á starfi félagsins á viðburðinum Í góðum félagsskap sem haldinn var í Edinborgarhúsinu laugardaginn 21. september. Ísafjarðarbær og Bolungarvíkurkaupstaður í samstarfi við Vestfjarðastofu stóðu fyrir opnum kynningardegum á félagsstarfi á norðanverðum Vestfjörðum með sérstaka áherslu á að kynna nýjum íbúum það fjölbreytta félagsstarf sem er á svæðinu. Um 30 aðilar tóku þátt í kynningunni sem var ágætlega sótt og gaman að fá tækifæri til að kynna félagið með þessum hætti.

Eitt verkefni vakti verðskuldaða athygli á liðnu starfsári og það er Special Olympics-verkefni körfuknattleiksdeildarinnar. Frá síðasta hausti hefur deildin, í samstarfi við íþróttafélagið Ívar, boðið upp á körfuboltaæfingar fyrir börn á aldrinum 6–16 ára. Æfingarnar eru liður í verkefninu Allir með, sem er samstarfsverkefni ÍSÍ, UMFÍ og ÍF (Íþróttasamband fatlaðra). Þar er horft til barna sem t.d. þurfa meiri stuðning, hentar betur að vera í minni hópum og hafa aðgengi að fleiri þjálfurum á æfingum. Verkefnið hefur gengið vonum framár og þátttaka meiri en búist var við í upphafi en 8–10 börn hafa að jafnaði mætt á æfingar. Körfuknattleiksdeildin fékk styrk úr



Í góðum félagsskap. Vestrafólk á opnum kynningardegi á félagsstarfi á norðanverðum Vestfjörðum haustið.

Hvatasjóði til þess að fjármagna verkefnið og var því hægt að bjóða upp á æfingar endurgjaldslaust auk þess sem iðkendurnir fengu Vestra-búninga og skó að gjöf frá félaginu. Fyrir krakkana er það dýrmætt að tilheyra stærsta íþróttafélaginu á svæðinu og eiga Vestra-búning með sínu nafni. Mikill vilji er fyrir því að halda áfram með æfingar fyrir þennan hóp og væri skemmtilegt ef fleiri deildir kæmu að verkefninu.

REKSTUR OG FJÁRHAGUR

Heilt yfir er fjárhagur félagsins góður. Veltan er um 265 m.kr. og laun- og verktakagreiðslur um 160 m.kr. Knattspyrnudeildin er langstærst með veltu upp á 219 m.kr. eða um 83% af heildarveltu félagsins og 90% af launakostnaði. Forráðamenn deildanna eiga hrós skilið fyrir ábyrga fjármálastjórn í rekstrarumhverfi sem er alltaf dálítið ófyrirsjáanlegt þar sem það byggir á getu samfélagsins hverju sinni til að fjármagna starfsemina.

Líkt og síðustu ár þá er tap á rekstri aðalstjórnar árið 2024 sem fyrst og síðast má rekja til hækkandi bókhaldskostnaðar. Árið 2021 greiddi félagið rétt rúma eina m.kr. fyrir þessa þjónustu en um 2,2 m.kr. árið 2024. Aðalstjórn hefur ekki burði til að standa undir þessum kostnaði með þeim litlu tekjum sem



hún hefur og þrátt fyrir að ákveðið hafi verið að nýta hluta lottótækna til að greiða kostnað við bókhald þá er ljóst að það dugir einfaldlega ekki til. Leita þarf leiða til að lækka þennan kostnað og ákveða í framhaldinu hvernig fyrirkomulaginu verður háttáð til framtíðar.



ÍPRÓTTAMANNVIRKI

Umfjöllun um íþróttamannvirki, uppbyggingu og viðhald, hefur verið fastur liður í skýrslu aðalstjórnar. Á síðustu árum hafa þessi mál þokast í rétta átt sem án efa helst í hendur við betri fjárhagsstöðu sveitarfélagsins en einnig skilning þar á bæ á mikilvægi þessa málaflokks. Öflugt íþróttastarf og góðar aðstæður til íþróttaiðkunar geta vegið þungt þegar kemur að vali á búsetu fyrir fjölskyldufólk.

Vorið 2023 tóku bæjaryfirvöld Ísafjarðarbæjar ákvörðun um að leggja nýtt gervigras á aðalvöllinn og æfingavöllinn á íþróttasvæðinu á Torfnesi. Óhagstætt tíðarfar næsta vetur seinkaði framkvæmdum nokkuð og var enn nokkur vinna eftir þegar keppnistímabilið hófst um vorið. Stóra stundin rann loks upp laugardaginn 22. júní þegar keppnisvöllurinn á Torfnesi, Kerecivöllurinn, var vígður og fyrsti leikurinn fór þar fram þegar Vestri mætti liði Vals í Bestu deildinni. Eru endurbæturnar á æfinga- og keppnisvöllum á Torfnesi með umsvifamestu framkvæmdum sveitarfélagsins síðustu ár og ánægjulegt að þessum mikilvæga áfanga sé loks náð.

Þegar lá fyrir að leggja ætti gervigras á keppnisvöllinn komu strax upp raddir um að óskynsamlegt væri að

leggja í allan þennan kostnað án þess að gera ráð fyrir hitalögnum strax í upphafi. Höfðu menn á þessu skiptar skoðanir og þegar upp var staðið reyndist sveitarfélagið ekki tilbúið að taka þennan kostnað á sig. Það samþykkti hins vegar að styrkja verkefnið um 4,8. m.kr. Skemmst er frá því að segja að Orkubú Vestfjarða lagði síðan fram 3 m.kr. og aðrir aðilar 16 m.kr. þannig að hitalagnir voru lagðar í völlinn og styrkti það marga í trúnni þegar heitt vatn fannst í Tungudal skömmu síðar. Fram til þessa hefur verið horft til þess að nýta varmadælu til hitunar vallarins og búið að festa fjármagn í það verkefni. Er brýnt að þetta verði gert sem fyrst sem og gengið frá lýsingu við völlinn þannig að hægt sé að fullnýta hann árið um kring.

Undanfarnar vikur hefur verið unnið að smíði 69 m² viðbyggingar ofan á suðurenda áhorendastúkunnar. Þar verður aðstaða fyrir sölu á veitingum og varningi. Knattspyrnudeild Vestra yngri fjármagnar framkvæmdina en Ísafjarðarbær er skráður eigandi mannvirkisins og ber að sjá um allt meiriháttar viðhald jafnframt því að greiða kostnað vegna hita og rafmagns auk lögboðinna trygginga. Þá hafa einnig verið ýmsar framkvæmdir í Vallarhúsinu sem miða að því að bæta aðstöðuna þar.



Aðstæður til körfuboltaíðkunar bötnuðu mjög síðasta sumar þegar nýr útikörfuboltavöllur var settur upp við íþróttahúsið á Torfnesi. Völlurinn er með fjórum stillanlegum körfum og um 20 x 13,4 metrar að stærð. Er yfirborð vallarins sérstaklega hannað til að veita gott grip og deyfa högg til að létta álag á líkama þeirra sem nota völinn. Sambærilegir vellir verða settir upp við Grunnskólann á Ísafirði og í Holtahverfi.

SAMSTARF VIÐ SVEITARFÉLÖG

Eðli málsins samkvæmt þurfa íþróttafélög að hafa alls konar samskipti við sveitarfélög á sínu starfssvæði. Það er allra hagur að þau samskipti séu góð og vill íþróttafélagið Vestri færa Ísafjarðarbæ, Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurhreppi þakki fyrir gott samstarf og velvild í garð félagsins.

Á síðasta ári tók Ísafjarðarbær upp þá nýbreytni að halda samráðsfundi íþróttahreyfingarinnar og sveitarfélagsins. Fundina sitja sviðstjóri skóla- og tómstundasviðs og íþrótt- og tómstundafulltrúi ásamt fulltrúum íþróttafélaga. Er fundunum ætlað að auka gagnsæi og stytta boðleiðir í stjórnsýslunni jafnframt því að vera vettvangur þar sem íþróttafélögin geta komið sínum málum á framfæri. Fram til þessa hafa átta fundir verið haldnir og reynslan sýnir að fundirnir skila því sem þeim er ætlað. Vestri lýsir ánægju sinni með þetta fyrirkomulag sem almennt hefur haft í för með sér bætt samskipti og samstarf við íþróttafélögin.

Vestri lýsir einnig ánægju sinni með þá ákvörðun bæjarstjórnar að taka upp frístundastyrk fyrir börn í 5.-10. bekk í grunnskóla með það að markmiði að styrkja þennan aldurshóp til þátttöku í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag. Þá er styrknum einnig ætlað að yta undir aukna hreyfingu, virkni og félagsþátttöku sem og að vinna gegn óæskilegu brottfalli í eldri aldurshópum iðkenda. Þessu tengt

þá er rétt að minna á mikilvægi frístundarúttunnar og það lykilhlutverk sem hún gegnir þegar kemur að þátttöku barna í skipulögðu íþróttastarfi. Samstarf Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkurkaupstaðar um þetta verkefni er til fyrirmyndar og ber að þakka.

AÐ LOKUM

Þann 16. janúar 2026 verða 10 ár liðin frá því að íþróttafélagið Vestri var stofnað. Þetta er stór áfangi sem við munum fagna, ekki síst í ljósi þess að vegferðin hefur stundum verið meira á holóttum malarvegi en hraðbraut. Það hefur hins vegar sýnt sig að farartækið er öflugt og við höfum komist yfir allar hindranir hingað til.

Eitt af markmiðunum með stofnun Vestra var að efla samstarf og samstöðu meðal íþróttafélaga sem alla jafna eru í mikilli samkeppni við hvert annað um iðkendur, sjálfboðaliða, aðstöðu og að sjálfsgöðu peninga. Á frjálsum markaði getur samkeppni verið af hinu góða en í íþróttastarfi vegur samstaða þyngra. Illdeilur, sundrung og tortryggni valda aðeins tjóni og eiga ekkert erindi í félagsstarfi. Á þessum 10 árum höfum við í Vestra ekki endilega alltaf verið sammála og það hafa orðið árekstrar en þegar á þarf að halda þá stöndum við sameinuð undir merki félagsins sem ein sterk liðsheild, alltaf.

Samstarfsfólki í aðalstjórn færi ég þakki fyrir gott samstarf og sömuleiðis stjórnarmönnum deilda og öllum þeim sem koma að starfi Vestra með einum eða öðrum hætti. Styrktaraðilar og stuðningsmenn Vestra fá þakki fyrir að styðja við og standa með félaginu í blíðu og stríðu. Takk allt Vestrafólk, ykkar framlag er ómetanlegt.

Áfram Vestri!

Fyrir hönd aðalstjórnar íþróttafélagsins Vestra
Guðfinna Hreiðarsdóttir, formaður

HJÓLREIÐAÐEILD VESTRA



Skýrsla stjórnar hjólréiðadeildar Vestra fyrir árið 2024

Stjórn deildarinnar skipuðu Viðar Kristinsson, formaður, Atli Dór Jakobsson, ritari og Edda María Hagalín, gjaldkeri. Varamenn eru Nanný Arna Guðmundsdóttir og Ívar Már Svanbergsson. Skráðir félagsmenn eru 46 talsins og yngri iðkendur sjö talsins. Félagsgjald er 5000 kr. fyrir félagsmenn eldri en 18 ára.


STARFSEMI DEILDARINNAR

Sumarið 2024 bauð Vestri hjólréiðar í fyrsta sinn upp á skipulagðar æfingar fyrir iðkendur. Þorgils Óttar Erlingsson var ráðinn sem þjálfari og stýrði hann æfingum um sumarið. Þorgils er með menntun sem hjólaþjálfari og er kominn með UCI level 2 þjálfararéttindi. Níu krakkar á aldrinum 10-17 ára sóttu æfingarnar. Mikil ánægja er með hvernig til tókst og markmiðið að setja aukinn kraft í æfingar og efla hjólaiðkun á næstu árum.

Stjórnin, í samstarfi við Ágúst Atlason (Gústi

Production) náði að afgreiða og klára styrk sem fékkst fyrir nokkrum árum frá Framkvæmdasjóði ferðmannastaða. Ágúst fékk það hlutverk að hanna og útfæra verkefnið. Hann hannaði kort sem sýna helstu fjallahjólaleiðir á svæðinu, veita ýmsar upplýsingar staðsetningar og erfiðleikastig. Á sama tíma hannaði hann og útfærði heimasíðu tengda þessu verkefni, <https://www.mtbisafjordur.is/>. Formaður hjólréiðadeildarinnar fundaði með bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar og kynnti verkefnið. Er þetta liður í stefnu félagsins að gera slóðakerfið á Ísafirði það besta á landinu. Vinnu við verkefnið er hvergi lokið og verður áfram ofarlega á verkefnalista stjórnar. Búið er að skila lokaskýrslu til Framkvæmdasjóðsins og þar með lokið löngu ferli sem hefur fylgt deildinni síðan 2020. Það er mikill léttir og gleður formanninn mjög mikið að núna getur hann farið að einbeita sér að nýjum hlutum í starfsemi deildarinnar.

Hjólagarðurinn á Grænegarði þjónar sínu hlutverki





sem miðpunktur hjólmenningar á svæðinu. Hann tekur stöðugum breytingum og enn eru mjög skemmtilegar hugmyndir á sveimi um uppbyggingu á þeim reit.

Sumarið 2024 bætist við tækjakostinn þegar deildin eignaðist forlata díselknúnar beltahjólborur eða mokstursskóflu. Verður þessu tæki fundið verðugt verkefni í sumar. Var þetta gjöf frá Steypustöð Ísafjarðar sem færðar eru þakkir fyrir þessa góðu gjöf.

MÓTAHALD

Laugardaginn 11. ágúst 2024 hósti Vestri Hjólreiðar í fyrsta skiptið Íslandsmeistarkeppni í Enduro hjólreiðum. Keppni fór fram í Seljalandsdal og Tungudal við góðar aðstæður. Þátttakendur voru 35 talsins. Jónas Stefánsson og Dagbjört Jónsdóttir tóku titilinn í A-flokki elit. Anton Sigurðsson vann í

Junior-flokki. Um kvöldið var veisla og verðlaunaafhending á veitingastaðnum Dokkuni.

Ungdúro fór fram daginn eftir við frábærar aðstæður og voru þátttakendur 31 talsins. Vestri var með nokkra keppendur og landaði fjórum Íslandsmeistaratitlum. Að keppni lokinni var grillveisla og stemmning á Seljalandsdal.





KEPPENDUR VESTRI HJÓLREIÐAR ÁRIÐ 2024

- Þorgils Óttarr Erlingsson. Master 35+
- Atli Þór Jakobsson. Master 35+
- Aron Svanbjörnsson, E-MTB
- Grettir Yngvason B-flokkur
- Adrían Uni Þorgilsson
U11 Íslandsmeistari í sínum flokki
- Julian Númi Bechtloff Heiðarsson U11
- Ísar Logi Ágústsson U15
- Aron Ýmir Ívarsson U15
- Sara Matthildur Ívarsdóttir
U11 Íslandsmeistari í sínum flokki
- Esja Rut Atladóttir U13
Íslandsmeistari í sínum flokki
- Dagur Ingason U13
Íslandsmeistari í sínum flokki

Þetta er glæsilegur hópur sem Hjólreiðadeild Vestra er afskaplega stolt af.

STYRKARAÐILAR HJÓLREIÐAÐEILD VESTRA 2024

- HG
- Jakob Valgeir
- Gústi Production



- Borea Adventure
- The Fjord Hub
- Fjallakofinn
- Steypustöð Ísafjarðar
- Hamraborg
- Púkinn verzlun
- Trésmíðafélag Viðars

Styrktaraðilar og aðrir velunnarar fá miklar þakkir fyrir veittan stuðning og aðstoð á árinu.

Ég vil að lokum þakka stjórn og félagsmönnum fyrir skemmtilegt hjólaár.

Fyrir hönd stjórnar hrd. Vestra
Viðar Kristinsson, formaður

13:28

ISLANDSBANKI
SJÓFERDIR
SEA TRAVELS

nettó

KÖRFUKNATTLEIKSDEILD VESTRA



Starfsemi stjórnar

Á síðasta aðalfundi körfuknattleiksdeildar Vestra voru eftirtalin kjörin í stjórn: Neil Shiran Þórisson var kjörinn formaður, Baldur Ingi Jónasson var kjörinn gjaldkeri, Jakob Tryggvason var kjörinn ritari, varamenn í stjórn voru Þórir Guðmundsson og Heiðrún Tryggvadóttir. Það hefur reynst áskorun að manna stjórn félagsins og er mikilvægt að fjölga sjálfbóðaliðum í starfinu.

Mál voru unnin fyrst og fremst í gegnum samfélagsmiðla og tölvupósta líkt og undanfarin ár. Stjórn skipulagði fjáraflanir og hélt utan um rekstur meistaraflokks karla auk samþættingu elstu yngri iðkenda og meistaraflokks karla. Allysson Caggio starfaði sem framkvæmdastjóri félagsins.

Aðhalds var gætt í rekstri eftir fremsta megni og samdráttur einkennandi í fjáröflunum. Bakhjarlar kkd. Vestra eru lykilfyrirtæki á svæðinu og hafa þau sýnt breytingum í rekstri og stefnu mikinn skilning.

Leikmannastefna félagsins hefur verið að byggja starfið og þjálfun meistaraflokka á þeim leikmönnum sem koma upp úr elstu iðkendahópum félagsins. Það er gert til þess að skapa samfellu í starfinu og koma í veg fyrir brottfall iðkenda.

Stjórn hefur hafið undirbúning að stofnun meistaraflokks kvenna sem ráðgert er hefji keppni í Íslandsmóti haustið 2025.



MEISTARAFLOKKUR KARLA

Leikmannahópur meistaraflokks taldi að jafnaði 15 leikmenn. Liðið æfði eins og áður á Torfnesi og í Bolungavík. Birgir Örn Birgisson var þjálfari liðsins. Að deildarkeppni lokinni endaði liðið í fjórða sæti í 2. deild. Í undanúrslitakeppni 2. deildar datt félagið úr keppni eftir tap.

Eftirtaldir voru í meistaraflokkshópnum á tímabilinu 2024-2025. Leikmannalistinn ber þessi merki að mikil samþætting er við unglingsstarf félagsins:

- Elmar Baldursson
- Frosti Gunnarsson
- Magnús Birgison
- Hjálmar Helgi Jakobsson
- Jón Gunnar Shiransson
- Haukur Fjölsson
- Reinis Vilks
- Stefán Albertsson
- Árni Árnason
- Blessed Parilla
- James Parilla
- Egill Fjölsson
- Simas Slatkevicius
- Daníel Adeleye
- Gunnlaugur Gunnlaugsson

Helgi Dan Stefánsson tók líka þátt í starfi félagsins og var í æfingahóp.

Leikmönnum og þjálfurum eru færðar þakkir fyrir þeirra framlag á árinu.

Fyrir hönd stjórnar kkd Vestra

Neil Shiran Þórisson

Yngri flokkar kkd. Vestra

Stjórn Barna- og unglingaráðs kkd. Vestra (BUR) fyrir tímabilið 2024-2025 skipuðu Þórir Guðmundsson, formaður, Hanna Mjöll Ólafsdóttir, gjaldkeri, Heiðrún Tryggvadóttir, Halldór Karl Valsson, Guðrún Kristín Bjarnadóttir og Magdalena Margrét Sigurðardóttir, meðstjórnendur.

ÆFINGAHÓPAR YNGRI FLOKKA KKD. VESTRA

Allyson Caggio er yfirþjálfari barna- og unglingsstarfs kkd. Vestra. Þjálfarabreytingar voru gerðar þegar tímabilið var hafið hjá þremur hópum. Eftirfarandi er miðað við hvernig tímabilið endaði hjá þessum æfingahópum.

Eftirfarandi æfingahópar voru veturinn 2024-2025:

- **Vestri körfubolti Special Olympics.** (2009-2019), þjálfarar voru Egill Fjölunisson, Hjálmar Helgi Jakobsson, Bríet María Ásgrímsdóttir, Jón Gunnar Shiransson, Jóhanna Wiktoria Harðardóttir ásamt þjálfurum frá Íþróttafélaginu Ívari.
- **Krílakarfan** (f. 2019-2020), þjálfari var Jón Gunnar Shiransson og æfðu þau einu sinni í viku.
- **1.-2. bekkur** (f. 2017-2018), þjálfari var Sigurður Gunnar Þorsteinsson og æfðu þau einu sinni í viku.
- **3.-4. bekkur** (f. 2015-2016), þjálfari var Allyson Sawyer og æfðu þau þrisvar sinnum í viku. Jón Gunnar Shiransson aðstoðaði við þjálfun í þessum flokki ásamt öðrum eldri leikmönnum félagsins.
- **7. flokkur drengja** (f. 2011 - 2012) þjálfari var Allyson Sawyer og æfðu þeir þrisvar sinnum í viku.
- **9. flokkur stúlkna** (f. 2010-2011), þjálfari var Katla María Magdalena Sæmundsdóttir og æfðu þær fjórum sinnum í viku.

- **9. flokkur drengja** (f. 2012-2011), þjálfari var Neil Shiran Þórisson og æfðu þeir fjórum sinnum í viku.
- **10. - 12. flokkur stúlkna** (f. 2007 - 2010), þjálfari var Katla María Magdalena Sæmundsdóttir og æfðu þær fimm sinnum í viku.
- **11. flokkur drengja** (f. 2007 - 2009), þjálfari var Reinis Vilks og æfðu þeir fimm sinnum í viku.

Fimm lið tóku þátt í Íslandsmóti í vetur. Þau spiluðu öll í deildarkeppni þar sem leiknir voru heimaleiki og útileikir gegn öllum liðum. Aðeins 7. flokkur drengja keppti á fjölliðamótum.

Í upphafi tímabilsins hélt kkd. Vestra stórt minniboltamót þar sem fóru fram rúmlega 80 leikir eina helgi.





Iðkendur í 1. – 4. bekk tóku þátt í Nettó-mótinu í Reykjanesbæ í mars. Stefnt er að því að fara á annað mót hjá Stjórnunni í maí. Í ár var sú nýbreytni að sett var á fót minniboltamót Vestfjarða fyrir þennan aldurshóp. Leikið var tvær helgar, á Patreksfirði um haustið og á Ísafirði í byrjun apríl.

Í ár var byrjað að vinna með Special Olympics hóp innan körfuknattleiksdeildarinnar. Rennt var svolítið blint í sjóinn með þátttöku en óhætt að segja að hún hafi farið fram úr björtustu vonum. Kjarninn var

um 10 börn og áberandi hversu gaman þeim þótti á æfingum. Mikillar ánægju hefur gætt á meðal foreldra barnanna og er það von forráðamanna deildarinnar að unnt verði að stækka og efla þetta starf enn meira á komandi árum. Þess ber að geta að körfuknattleiksdeildin fékk styrk úr Hvatasjóði til þess að fjármagna verkefnið og var því hægt að bjóða upp á þessar æfingar án endurgjalds. Vinna er í fullum gangi við að fjármagna næsta ár þannig að áfram verði hægt að bjóða upp á þessar æfingar endurgjaldslaut.





Handbók yngri flokka körfuknattleiksdeildar Vestra er í smíðum og verður hún tekin í notkun fyrir næsta tímabil. Handbókinni er ætlað að vera leiðarvísir deildarinnar í þjálfun iðkenda og að öllu starfinu.

NÝR ÚTIKÖRFUBOLTAVÖLLUR

Aðstæður til körfuboltaíðkunar bötnuðu mjög síðasta sumar þegar nýr útikörfuboltavöllur var settur upp við Íþróttahúsið á Torfnesi. Völlurinn er með fjórum stillanlegum körfum og um 20 x 13,4 metrar að stærð. Er yfirborð vallarins sérstaklega hannað til að veita gott grip og deyfa högg til að létta álag á líkama þeirra sem nota völlinn. Sambærilegir vellir verða settir upp við Grunnskólann á Ísafirði og í Holtahverfi.

FJÁRAFLANIR OG STYRKIR

Barna- og unglingaráð hefur undanfarin ár mannað





sjoppu á heimaleikjum meistaraflokks og var engin breyting þar á í vetur. Farið var í sölu á kjöti, fiskmeti og jólasörum. Þessar fjáraflanir lukkuðust vel. Að venju var kökubasar á skírdag og kaffihús í íþróttarhúsinu á Torfnesi í tengslum við páskaeggjamót Vestra. Allur ágóði af fjáröflunum fór í ferðasjóð iðkenda. Í ferðasjóðinn kom einnig árlegt framlag frá ferðasjóði ÍSÍ. BUR niðurgreiddi hverja ferð um 5.000 kr. þar til í mars á þessu ári þegar ákveðið var að hækka framlagið í 10.000 kr. á hvern iðkanda fyrir hverja ferð.

Körfuboltabúðir Vestra í samstarfi við James Purchin voru haldnar í júní og lukkuðust vel. Fyrirhugað er að halda þær aftur árið 2025.

Íþróttasjóður og styrktarsjóður UMFÍ eru sjóðir sem kkd. Vestra hefur reglulega fengið úthlutað úr. Orkubú Vestfjarða veitti styrk til búnaðarkaupa en auk þess bárust styrkir úr ýmsum áttum til ýmissa

verkefna. Við erum gríðarlega þakklát fyrir þann stuðning sem við höfum fundið fyrir.

AÐ LOKUM

Yfirstandandi körfuknattleikstímabil er nú senn á enda og hefur að mestu gengið vel. Ég vill þakka öllum þeim sem að starfinu koma og leggja af mörkum mikla vinnu í þágu yngri flokka kkd. Vestra. Sérstaklega vil ég þakka stjórn barna- og unglíngaráðs fyrir þeirra framlag og sömuleiðis foreldrum fyrir gott samstarf. Styrktaraðilum og öðrum er hafa sýnt okkur velvild eru færðar þakkir fyrir allan stuðning.

Fyrir hönd stjórnar barna- og unglíngaráðs kkd. Vestra

Dórir Guðmundsson, formaður

Lambhaga
völlurinn

KNATTSPYRNUDEILD VESTRA



Ársskýrsla meistaraflokks karla knattspyrnudeildar Vestra 2024

Í stjórn voru:

- Samúel Samúelsson, formaður
- Daði Valgeir Jakobsson, varaform.
- Ívar Pétursson, gjaldkeri
- Jón Hálfán Pétursson, meðstjórnandi
- Sindri Snæfells Kristinsson, meðstjórnandi

Stjórnin fundaði 4x í mánuði yfir veturinn, alla þriðjudaga. En svo fjölgaði fundum í 4-6x í mánuði yfir sumarið. Félagið keppti í níunda sinn undir merkjum Vestra í keppni á vegum KSÍ, félagið lék í fyrsta sinn undir merkjum Vestra í Bestu deildinni 2024. Tímabil Vestra einkenndist enn af miklu aðstöðuleysi knattspyrnu á Vestfjörðum.

NÓVEMBER 2023 - FEBRÚAR 2024

Davíð Smári Lamude hélt áfram sem aðalþjálfari og Daniel Badu með honum sem aðstoðarþjálfari. Valdan Djogatovic var ráðinn markmannspjálfari. Æfingar fóru fram á Ísafirði og Bolungarvík frá byrjun janúar, og báru þær æfingar merki um hið mikla aðstöðuleysi. Liðið hóf leik í Þungavígarbikarnum og lék nokkra leiki með tilheyrandi ferðalögum í janúar. Liðið lenti í alvarlegu bílslysi þegar liðsrúta valt á leið til Ísafjarðar eftir keppnisferð og einn leikmaður var fluttur með sjúkrabil á sjúkrahús.

FEBRÚAR 2024 - JÚNÍ 2024

Liðið hóf keppni í Lengjubikarnum og spilaði fimm leiki, gerði tvö jafntefli og tapaði þremur leikjum. Liðið fór í 10 daga æfingaferð til Spánar á tímabilinu. Liðið sló út Hauka í bikarkeppni KSÍ strax í 2. umferð en datt út á móti KA í 16 liða úrslitum. Tímabilið í Bestu deildinni hefst snemma, eða í byrjun apríl. Vegna þess að lagning gervigrass á Kerecisvöllinn dróst á langinn fram á sumar þá spilaði Vestri fyrstu heimaleiki sína í Reykjavík á heimavelli Þróttar í Reykjavík. Fyrstu tveir leikir voru útileikir, ásamt þeim



þriðja sem Vestri skipti við KA. Fyrsti heimaleikur var 28.04 á AVIS vellinum í Reykjavík. Síðan komu tveir útileikir við FH og ÍA. Annar heimaleikur var leikinn einnig í Reykjavík, gegn Víkingi Reykjavík þann 20.05. Útileikur gegn KR og svo heimaleikur í Reykjavík gegn Stjörnunni. Útileikur við Fylki þann 18.06 og svo kom að fyrsta heimaleik Vestra fyrir vestan þann 22.06. Aðstöðuleysi hefur því aldrei sett jafn mikið strik á leik og rekstur meistaraflokks karla.

JÚLÍ 2024 - OKTÓBER 2024

Liðið spilaði 22 leiki í Bestu deildinni fram að úrslitakeppni, vann 4 leiki, gerði 6 jafntefli og tapaði 12 leikjum. Liðið endaði í 11. sæti og við tók úrslitakeppni neðri helmings. Liðið spilaði fimm leiki, tveir af þeim sigrar, eitt jafntefli og tveir síðustu leikirnir enduðu með tapi. Í lokaleik liðsins þann 26.10 snjóaði vel á Kerecisvöllinn og voru aðstæður óboðlegar. Liðið hélt sér uppi á markatölu í 10. sæti.

OKTÓBER 2024 - DESEMBER 2024

Davíð Smári Lamude ráðinn aðalþjálfari áfram og Vignir Snær Stefánsson með honum sem nýr aðstoðarþjálfari. Vladan Djogatovic áfram markmannspjálfari og Ferran Corominas ráðinn sem styrktarþjálfari.



Leikmannahópur m.fl.kk Vestra 2024

- Benedikt V. Warén (2001)
- Aurelien Norest (1992)
- Daniel Agnar Ásgeirsson (1997)
- Andri Rúnar Bjarnason (1990)
- Benjamin Schubert (1996)
- Eiður Aron Sigurbjörnsson (1990)
- Elmar Atli Garðarsson (1997)
- Elvar Baldvinsson (1997)
- Fatai Adebawale Gbadamosi (1998)
- Friðrik Þórir Hjaltason (1998)
- Guðmundur Arnar Svavarsson (2002)
- Gunnar Jónas Hauksson (1999)
- Gustav Kjeldsen (1999)
- Ibrahima Balde (1996)
- Ignacio Gil Echevarria (1993)
- Inaki Rodriugez (2000)
- Ívar Breki Helgason (2002)
- Jeppe Gertsen (1997)
- Jeppe Pedersen (2001)
- Johannes Selvén (2003)
- Karl William Eskilinen (1996)
- Morten Ohlsen Hansen (1993)
- Sergine Modou Fall (1993)
- Silas Dylan Songani (1989)
- Tarik Ibrahimagic (2001)
- Toby King (2002)
- Vladimir Tufegdzic (1991)



Ársskýrsla meistaraflokks kvenna knattspyrnudeildar Vestra 2024

Í stjórn voru:

- Kristján Þór Kristjánsson formaður
- Særún Anna Brynjarsdóttir varaform.
- Atli Freyr Rúnarsson meðstjórnandi
- Aníta Björk Pálinudóttir meðstjórnandi

Fyrsta ár mfl.kvk hjá knattspyrnudeild Vestra síðan 2013. Veturinn fór mest í vinnu við að fjármagna deildina og gekk það að lokum þó örlítið tap hafi verið á rekstri. Betra væri ef deildirnar þrjár hefðu meiri samvinnu um styrktarsöfnun og rekstur.

NÓVEMBER 2023 - FEBRÚAR 2024

Liðið fór í eina æfingaferð til Reykjavíkur en var óheppið með veður og spilaði þar í snjó og byl.

MAÍ 2024 - SEPTEMBER 2024

Liðið spilaði 18 leiki í 2.deild kvenna, vann 7 leiki, gerði 3 jafntefli og tapaði 8 leikjum. Liðið byrjaði illa og er ástæða helst að hópurninn var ekki allur kominn saman og liðið með mjög fáa leiki þennan veturinn. Eftir erfiða byrjun þá tapaði liðið aðeins einum leik í júlí, ágúst og september. Góður stígandi var í leik liðsins. Flestir uppaldir leikmenn Vestra voru að spila sína fyrstu leiki í meistaraflokki og fengu góða reynslu úr sumrinu. Í lok júlí hætti Kristján Arnarson sem yfirþjálfari vegna flutninga suður og tók Brenton Muhammad alfarið við liðinu.

OKTÓBER 2024 - DESEMBER 2024

Brenton formlega ráðinn aðalþjálfari.





Leikmannahópur m.fl.kvk Vestra 2024

- Agla Vigdís Atladóttir
- Agnes Þóra Snorradóttir
- Aníta Ólöf Smáradóttir
- Bríet Emma Freysdóttir
- Chloe Hennigan
- Dagmar Pálsdóttir
- Elma Katrín Steingrímsdóttir
- Elín Ólöf Sveinsdóttir
- Guðbjörg Ásta Andradóttir
- Guðríður Vala Atladóttir
- Justine Christensen
- Katrín Bára Albertsdóttir
- Krístrún Halla Gylfadóttir
- Lilja Borg Jóhannsdóttir
- Lára Ósk Albertsdóttir
- Mimi Eiden
- Oliva Rose McKnight
- Sigríður Króknes Torfadóttir
- Sigrún Betanía Kristjánsdóttir
- Solveig Amalía Atladóttir
- Svala Katrín Birkisdóttir
- Sæunn Lív Christophsdóttir
- Una Proppé Hjaltadóttir
- Unnur Hafdís Arnþórsdóttir
- Ásthildur Elma Stefánsdóttir
- Íris Embla Stefánsdóttir

Ársskýrsla barna- og unglingaráðs knattspyrnudeildar Vestra 2024

Í stjórn sátu:

- Jón Hálfán Pétursson formaður
- Tinna Hrund Hlynsdóttir Hafberg
- Sigurbjörg Hallgrímsdóttir gjaldkeri
- Eydís Flosadóttir ritari
- Kristinn Ísak Arnarsson
- Haukur Árni Hermannsson

Starfið gekk vel þetta árið og krakkarnir fóru á sín helstu sumarmót: Orkumót, TM mót, N1 mót, Króksmót og Íslandsmót. Iðkendum heldur áfram að fjölga og er mesta fjölgunin í yngstu flokkunum. Aukning hefur verið í yngstu stelpuflokkunum sem er virkilega ánægjulegt. En einig hefur orðið algjör sprenging í 8. flokki. Við sjáum það enn að ef æfingar færast inn í íþróttahús vegna veðurs, þá minnkar ástundun á æfingar.

Við fögnum því að iðkendur haldi sig við það að stunda íþróttir, sama hvaða íþrótt það er en í leiðinni þykir okkur miður að geta ekki boðið upp á æfingaaðstæður á veturna. Aukin þátttaka í knattspyrnu helst í hendur við stórbætta aðstöðu



knattspyrnudeildar, nýtt gervigras á æfingavöllinn sem lagt var haust 2023 og svo gervigras á aðalvöllinn byrjun sumars 2024. Það eitt og sér var gríðarlega mikilvægt. Við höldum þó í drauminn um að í framtíðinni verði byggt knattspyrnuhús, en það er það sem kemur til með að gera okkur kleift að æfa við samkeppnishæfar aðstæður yfir vetrartímann og í leiðinni losa um tíma í íþróttahúsunum og opna því þar fyrir aðrar íþróttagreinar að geta æft oftast þar.





Heiðar Birnir er á sínu öðru tímabili sem yfirþjálfari og heldur utan um öll mál sem tengjast yngri flokkum Vestra. Við erum með góðan kjarna í ungum þjálfurum, sem hefur lagt sig fram um að sækja þjálfaranámskeið á vegum KSÍ. Félagið hefur stutt vel við bakið á þjálfurum þegar kemur að því að afla sér aukinnar menntunar í þjálfunarfræðum. Einnig höfum við verið að fá inn elstu iðkendur okkarssem aðstoðarþjálfara í þeim flokkum sem þess þarf. Það hefur gengið vel og lítum við svo á að með þessu séum við að efla okkar elstu iðkendur og mögulega kveikja áhuga þeirra á þjálfun.

Knattspyrnudeild Vestra tók upp samstarf við knattspyrnudeild Breiðablik árið 2023 og heldur það samstarf enn. Samstarfið felst í því að iðkendur Vestra geta sótt æfingar hjá Breiða-



blik, og einnig geta iðkendur Breiðablik sótt æfingar hjá Vestra. Einnig felur samstarfið í sér þjálfaraskipti. Yngri flokkar Vestra hafa fengið afnot að knattspyrnuvöllum Breiðablik þegar farið er í æfingaferðir til höfuðborgarsvæðisins.

Áframhald varð á samstarfi Vestra og Harðar.

Fjárhagur barna og unglíngastarfs hefur verið í jafnvægi undanfarin ár og engin breyting þar á. Þjálfarakostnaður hefur hækkað ár frá ári með hækkandi launum og aukinni þjónustu. Með bættri aðstöðu haustið 2023 tók stjórn yngri flokka Vestra og yfirþjálfari ákvörðun um að fjölga æfingum allra yngri flokka félagsins, og hefur félagið haldið sig við þessa fjölgun æfinga og auknu þjónustu. Þessi fjölgun hefur skilað sér með auknum áhuga iðkenda og fjölgun nýrra iðkenda. Og með þessari ákvörðun æfa allir yngri flokkar Vestra til jafns við jafnaldra sína annars staðar á landinu.

Stjórn barna og unglíngaráðs þakkar öllum iðkendum, foreldrum, tengiliðum, þjálfurum, styrktar-





aðilum, sjálfboðaliðum og öðrum velunnurum fyrir árið. Við vonumst eftir áframhaldandi góðu samstarfi og uppbyggingu grasrótunnar í knattspyrnu á svæðinu.

Fyrir hönd barna- og unglingaráðs knattspyrnudeildar Vestra

Jón Hálfván Pétursson, formaður



BLAKDEILD VESTRA



Skýrsla stjórnar

Árið 2024 var ágætt starfsár hjá blakdeild Vestra. Góð starfsemi var í yngri flokkum deildarinnar og meistaraflokkur kvenna fór af stað um haustið í 1. deild. Meistaraflokkur karla stóð sig vel og er gaman að geta þess að meirihluti leikmanna þar eru ungir leikmenn sem eru uppaldir hjá félaginu. Í vetur hefur blakdeildin haldið úti æfingum á Suðureyri, Ísafirði og í Bolungarvík, líkt og fyrri ár. Hefur iðkendafjöldinn verið svipaður og áður.

ÞJÁLFAFARMÁL

Aðalþjálfari blakdeildar er Juan Escalona, en hann var ráðinn þjálfari árið 2020. Hann þjálfar alla yngri flokka félagsins, C-lið kvenna og meistaraflokka karla í efstu og 2. deild. Antonio Fernandez Ortiz tók að sér þjálfun 1. deildar liðs kvenna haustið 2024 auk þess sem hann hefur aðstoðað við aðra þjálfun eftir þörfum. Juan hefur sýnt áhuga á áframhaldandi þjálfun hjá félaginu og er búinn að undirrita nýjan tveggja ára samningur við hann á þessu ári. Mikil ánægja er með hans störf og samstarfið til fyrirmyndar.

MEISTARAFLOKKAR

Eins og fyrr segir var ákveðið að byrja með meistaraflokk kvenna í 1. deild árið 2024 og var þá verið að hugsa til yngri leikmanna félagsins sem þurftu að fá meiri áskoranir og sterkari leiki til áframhaldandi þroska sem leikmenn. Frá Háskólasetri Vestfjarða barst góður liðstyrkur með þeim Martinu og Jessicu sem hafa smellpassað inn í liðið. Þá kom Anabel frá Þrótti Nes og sömuleiðis Katla sem spilaði með liðinu fram að áramótum. Og ekki má gleyma Angelicu, eiginkonu þjálfarans. Liðinu hefur gengið mjög vel í leikjum sínum, það varð deildarmeistari í 1. deild og komst þar með í fjögurra liða úrslitahelgi um Íslandsmeistaratitilinn. Unnu þær fyrri leikinn auðveldlega 3-0 sem kom

þeim í stóra leikinn á móti Ými um 1. sæti. Sá leikur var æsispennandi og vannst í fimmtu hrinu. Lönduðu þær þar með Íslandsmeistaratitli í 1. deild kvenna 2025 ásamt deildarmeistaratitli. Glæsilegur árangur þar.

C-lið kvenna spilaði í 4. Deild. Það lið er skipað eldri leikmönnum félagsins ásamt ungum leikmönnum 1. deildar liðsins. Í 4. deild fara leikir fram á fjölliðamótum sem haldin eru þrjár helgar á tímabilinu og ráðast úrslit á síðasta mótinu. Þannig ákveða úrslit fyrri helga hvaða lið spila í efri hluta og hvaða lið í neðri hluta. Árið 2024 spilaði lið Vestra í efri hlutanum, tapaði öllum leikjunum en hélst þó áfram í 4. deild. Í byrjun nóvember var fyrsta mót tímabilsins haldið á Ísafirði. Gekk skipulagning og framkvæmd þess mjög vel, auk þess sem liðið náði þar góðum árangri. Á lokamótinu spilaði liðið í efri hluta deildarinnar og endaði í öðru sæti og náði þar með sæti í 3. deild á næsta tímabili.

B-lið karla spilaði í 2. deild en það lið er skipað ungum leikmönnum félagsins sem fá ekki mikinn spilatíma með meistaraflokki karla. Þessi deild er með sama fyrirkomulagi og 4. deild kvenna, þ.e. leikir fara fram á fjölliðamótum sem haldin eru þrjár helgar á tímabilinu. Liðið endaði í 7. sæti deildarinnar eftir tvö mót og þurfti því að spila um sæti í deildinni að ári eða falla aftur niður í 3. deild. Niðurstaðan var 9. sæti og spilar liðið því í 3. deild á næsta tímabili. Mikið safnaðist í reynslubanka þessara leikmanna og koma þeir sterkir til leiks á nýju tímabili.

Vorið 2024 lauk meistaraflokkur karla sínu fimmta tímabili í úrvalsdeildinni í blaki þar sem þeir enduðu í 3. sæti deildarinnar sem verður að teljast mjög góður árangur. Í vetur var lögð áhersla á ungu leikmennina sem eru orðnir máttarstólpar í liðinu. Hefur það gengið mjög vel og hafa þeir vaxið sem leikmenn með hverjum leiknum. Liðið endaði í 5. sæti deildarinnar 2024/2025 og munaði því ekki miklu að þeir kæmst í úrslit sem verður samt að teljast



góður árangur. Í Kjörisbikarnum 2024 drógust þeir á móti Hamri og komust því miður ekki upp úr átta liða úrslitum. Sömu sögu er að setja með Kjörisbikarinn 2025 í leik gegn Þrótti Rvk.

Félagið tilnefndi til kjörs íþróttamanns Ísafjarðar- bæjar þau Angelicu Orobio og Pétur Örn Sigurðsson. Sem efnilegustu leikmenn þau Margræti Emblu Viktorsdóttur og Kacper Tyszkiewicz.

ÖLDUNGAFLOKKAR

Öldungamótið 2024 var haldið í Mosfellsbæ og var Vestri með lið í bæði karla- og kvennaflokki. Þetta mót þykir alltaf hin mesta skemmtun og alltaf tilhlökkunarefni fyrir eldri leikmenn að mæta á þetta mót. Geta má þess að leikmenn þurfa að vera orðnir 30 ára til að fá að taka þátt í þessari skemmtun. Á mótinu gerðu konurnar vel og unnu alla sína leiki í 7. deild og spila því í 6. deild í ár. Sömu sögu er að segja með karlana sem spiluðu í 3. Deild, sigruðu hana og spila því í 2. deild í ár.

YNGRI FLOKKAR

Iðkendur yngri flokka samanstanda af iðkendum sem flestir hafa æft lengi en alltaf bætast einhverjir



við. Þátttaka í Íslandsmóti BLÍ að hausti og vori hefur verið í boði fyrir U16 og U14, haustmót fyrir U12 auk Bikarmóts U20, U16 og U14. Í ár fóru lið U16 kk og U16 kvk ásamt þremur U12 liðum á Íslandsmót að hausti í umsjón HK og var spilað í Kórnum, Digranesi og Fagralundi. U16 og U14 spila 6 manna blak en U12 3ja manna blak. Alls fóru 28 manns frá blakdeild Vestra, 23 iðkendur auk þjálfara og fararstjóra. Gist var í skólastofum og spilað í þremur húsum. Þetta var stórt mót og mikið um að vera. Seinni hluti Íslandsmóts U16 fer fram á Húsavík dagana 9.-11. maí 2025 og U14, U12 á Ásafirði dagana 16.-18. maí 2025. Verður þá leikið til úrslita og krýndir Íslandsmeistarar U16 og U14. Fyrir U12 eru þessi mót skemmtimót og verðlaun veitt á báðum mótum. Einn lánsmaður var frá UMFG í U16 kk.

Í ár var Bikarmót BLÍ sem hingað til hefur verið haldið af KA á Akureyri skipt upp vegna mikils fjölda. Bikarmót U20 og U14 fór fram í Varmá í Mos í desember en U16 í febrúar á Akureyri. Að Varmá fóru U20 lið pílta og stúlkna og voru bæði lið blanda af eldri iðkendum sem einhver voru að spila sitt síðast ár í U flokkum og yngri iðkendur sem spiluðu upp fyrir sig. Í U20 kvk var einn lánsleikmaður frá UMFG. Piltarnir enduðu í 2. sæti í sínum flokki og stúlkurnar í 6. sæti.



LANDSLIÐSMENN FÉLAGSINS

Í september voru valdir í æfingahóp unglíngalandsliða U19 þeir Sverrir Bjarki, Benedikt, Pétur Örn og Hákon Ari. Æfingarnar fóru fram í Mosfellsbæ, Akureyri og Húsavík. Í verkefnið voru valdir Sverrir Bjarki, Benedikt og Pétur Örn og spiluðu þeir á Nevza mót í Þórshöfn í Færeyjum. Fyrsti liður í undirbúningi fyrir unglíngalandsliðsverkefni voru æfingabúðir opnar öllum í Reykjavík, Neskaupstað, Mosfellsbæ og á Akureyri. Frá Vestra fóru Margrét,





Grétar Logi, Sverrir, Benedikt, Pétur Örn, Hákon Ari, Marcin og Kacper.

FJÁRHAGUR OG FJÁRAFLANIR

Að reka svona félag getur verið mjög krefjandi fjárhagslega. Ferðakostnaður keppnisliða er stór liður í útgjöldum félagsins. Er reynt að ná styrktarsamningum við fyrirtæki á svæðinu og hafa nokkur þeirra styrkt okkur ágætlega í gegnum árin. Lítið hefur verið um fjáraflanir hjá félaginu en fastir póstar eins og fjöruhreinsun í Skutulsfirði og hreinsun á Eyrinni í Skutulsfirði hafa skilað góðum tekjum. Deildin hefur einnig séð um slátt í kirkjugarðinum í Hnífsdal.

STRANDBLAK

Það hefur mikið líf fæst í strandblaksmenningu á Íslandi undanfarin ár og ánægjulegt að geta stætt sig af samtals fjórum strandblaksvöllum hér fyrir vestan. Það er sérstaklega unga fólkið sem hefur verið duglegt að nýta sér strandblaksvellina á sumrin og sum hver gripið þau tækifæri sem gefast á stigamótum sem haldin eru á sumrin. Eitt þeirra er haldið í Dýrafirði og margir sem hafa stigið sín fyrstu skref þar. Örugglega mætti nýta vellina betur því þetta er mjög skemmtilegt sport.

AÐ LOKUM

Að gera upp árið á blaði er gott og gefandi. Að hafa starfandi blakdeild er eitthvað sem við viljum og bætir í flóru þeirra íþróttasem hægt er að stunda í okkar heimabyggð. Að hafa starfandi blakdeild sem nær þeim árangri sem raun ber vitni er líka það sem við viljum. Fjármagn þarf til og þar eru tryggir stuðningsaðilar mikilvægir en samkeppnin er líka hörð. Verðlaunin skila sér í sætum sigrum og árangri liða sem sitja á toppinum, einstaklingar sem sýna eftirtektaverðar framfarir og svo þeir sem fá boð í æfingahópa landsliða. Vinna í kringum svona íþróttastarf er mikil og má ekki lenda á fáum, henni þarf að deila og létta þannig verkin en um leið nýta þá reynsla sem til staðar. Markmiðið er að halda áfram góðu starfi og fá gott fólk til samstarfs þannig að við fáum sem flest að njóta okkar. Stjórn blakdeildar Vestra þakkar öllum iðkendum, sjálfboðaliðum og velunnurum fyrir frábært starfsár og megi framtíðin gefa okkur tækifæri til góðra verka saman.

Fyrir hönd stjórnar blakdeildar Vestra,

Signý Þöll Kristinsdóttir

Sólveig Pálsdóttir

GILDI OG STEFNUR VESTRA



GILDI VESTRA



Hlutverk Vestra

Hlutverk félagsins er að skapa umhverfi sem hvetur félagsmenn til að ná markmiðum sínum og skara fram úr í leik og starfi.

Stjórnendur og aðstandendur Vestra íþróttafélags eru þess meðvitaðir að jafnhliða keppni og sigrum, þá er íþróttastarf uppeldisstarf. Þar eru iðkendum kennd gildi félagsins og þau viðhorf sem samfélagið vill halda á lofti. Félagið hefur sett sér gildi sem endurspeгла það sem við viljum standa fyrir. Þau ungmenni sem eru í góðu líkamlegu formi, með sterka félagsfærni og gott hugarfar eru líkleg til að ná árangri í hverju sem þau taka sér fyrir hendur innan sem utan íþróttavallar.

VIRÐING


Við berum **virðingu** fyrir félagi okkar, iðkendum, samherjum og mótherjum.

GLEÐI

Við viljum leggja áherslu á að **gleði** endurspegli starf félagsins. Skemmtilegur félagsskapur og jákvæð hvatning eru lykilatriði í starfi Vestra.

METNAÐUR

Við höfum **metnað** fyrir framgangi félagsins og stefnum að því að gera Vestra að öflugum og heilbrigðu félagi. Við höfum metnað fyrir afrekum allra iðkenda í öllum deildum félagsins.





SIÐAREGLUR VESTRA



Hlutverk siðareglna (code of ethics) er að veita þeim sem koma að íþróttum almennar leiðbeiningar og vera þeim hvatning. Þær eru hluti af þeim anda sem á að vera ríkjandi í félaginu og þurfa að njóta almenns stuðnings meðal félagsmanna. Þær eru ekki tæmandi, heldur leiðbeinandi og hvetjandi. Aðhaldið felst í almennu viðhorfi til boðskapar reglnanna.

Foreldri/forráðamaður, hafðu ávallt hugfast að:

1. Barnið þitt er í íþróttum vegna eigin ánægju en ekki til að gleðja þig.
2. Hvetja barnið þitt til þátttöku í íþróttum, ekki þvinga það.
3. Hvetja barnið þitt til að fara eftir og virða reglur íþróttanna og að leysa deilur án fjandskapar eða ofbeldis.
4. Styðja og hvetja öll börn og ungmenni – ekki bara þín eigin.
5. Vera jákvæður, bæði þegar vel gengur og þegar illa gengur.
6. Gera aldrei grín að barni eða hrópa að því ef það gerir mistök.
7. Ekki reyna að hafa áhrif á störf þjálfara meðan á leik eða keppni stendur.
8. Líta á dómarann sem leiðbeinanda barna, ekki gagnrýna ákvarðanir hans.
9. Börn læra mest af því að framkvæma. Lærðu að meta góða frammistöðu allra barna í hópnum.
10. Læra að meta þátttöku sjálfboðaliða hjá félaginu því án þeirra hefði barn þitt ekki möguleika á að stunda æfingar og keppni með félaginu.
11. Virða rétt hvers barns, óháð kyni, kynstofni eða trúarbrögðum.

Stjórnarmaður/starfsmaður:

1. Stattu vörð um anda og gildi félagsins og sjáðu um að hvort tveggja lifi áfram meðal félagsmanna
2. Komdu fram við alla félagsmenn sem jafningja, óháð kyni, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, lítarhætti og kynhneigð.
3. Hafðu lýðræðisleg vinnubrögð í heiðri.
4. Haltu félagsmönnum vel upplýstum og gerðu félagsmenn að þátttakendum í ákvarðanatöku eins og hægt er.
5. Vertu ávallt til fyrirmyndar varðandi hegðun og framkomu, bæði innan félags og utan.
6. Taktu alvarlega þá ábyrgð sem þú hefur gagnvart félaginu og iðkendum.
7. Hafðu ávallt í huga að í félaginu er verið að byggja upp fólk.
8. Hafðu hagkvæmni og löghlýðni í heiðri við rekstur félagsins.
9. Öll samskipti við iðkanda á samfélagsmiðlum skulu fara fram í hópsamtölum/hópsíðum.
10. Ekki er æskilegt að vera vinur iðkanda, sem er yngri en 18 ára á samfélagsmiðlum.
11. Aldrei eiga í samskiptum við iðkanda með kynferðislegum undirtóni, eða vísa í eitthvað slíkt.
12. Notfærðu aldrei stöðu þína hjá félaginu til eigin framdráttar á kostnað félagsins.

Stuðningsmaður:

1. Mundu að mikilvægast er að hvetja þitt lið áfram og hrósa þegar vel er gert. Stuðningsmenn eiga að hvetja og hrósa.
2. Forðastu niðrandi ummæli í garð andstæðinga og samherja, jafnt stuðningsmanna sem og leikmanna og þjálfara.
3. Forðastu neikvæða hegðun á kappleikjum, svo sem ölvun og ólæti. Mundu að þú ert mikilvæg fyrirmynd félagsmanna og slæm hegðun þín getur skaðað ímynd félagsins alls.
4. Berðu virðingu fyrir störfum dómara og þjálfara liðsins.
5. Hlutverk stuðningsmanna er félaginu mjög mikilvægt og því ber stuðningsmanni að standa ávallt vörð um gildi félagsins utan vallar sem innan.

Iðkandi (yngri) - Þú ættir að:

1. Gera alltaf þitt besta.
2. Virða alltaf reglur og venjur varðandi heiðarleika (Fair Play) í íþróttum.
3. Taka þátt í íþróttum á eigin forsendum en ekki vegna þess að foreldrar þínir eða þjálfari vilja það.
4. Sýna öllum iðkendum virðingu, jafnt samherjum sem mótherjum.
5. Þræta ekki eða deila við dómarann.
6. Sýna öðrum virðingu og vera heiðarlegur og opinn gagnvart þjálfara og forystufólki félagsins, sem ber ábyrgð á þér við æfingar og keppni.
7. Forðast neikvætt tal eða niðurlægjandi köll um samherja, mótherja, dómara, þjálfara eða starfsmenn félagsins.
8. Koma fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig.
9. Vera ávallt stundvís á æfingar og keppnir.

Iðkandi (eldri) - Þú ættir að:

1. Gera alltaf þitt besta.
2. Sýna ávallt öðrum virðingu, jafnt í meðbyr sem móþbyr.
3. Virða alltaf reglur og venjur varðandi heiðarleika (Fair play) í íþróttum.
4. Hafa heilbrigði alltaf að leiðarljósi og forðast að taka áhættu varðandi heilsu þína.
5. Virða alltaf ákvarðanir dómara og annara starfsmanna leiksins.
6. Bera virðingu fyrir hæfileikum og getu annarra óháð kyni, kynþætti, stjórnmalaskoðunum, trúarbrögðum og kynhneigð.
7. Forðast neikvæð ummæli eða skammir.
8. Vera heiðarlegur og opinn í samvinnu við þjálfara og aðra sem styðja þig.
9. Taka sjálfur höfuðábyrgð á framförum þínum og þroska.
10. Vera ávallt til fyrirmyndar varðandi framkomu, jafnt utan vallar sem innan, og hafa hugfast að þú ert fyrirmynd yngri iðkenda.
11. Samþykka aldrei eða sýna ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.
12. Forðast nán persónuleg samskipti við þjálfara þinn.
13. Neyta aldrei ólöglegra lyfja til að bæta árangur þinn.

Þjálfari:

1. Meðhöndlaðu alla iðkendur á einstaklingsgrunni og á þeirra eigin forsendum.
2. Styrktu jákvæða hegðun og framkomu.
3. Sjáðu til þess að þjálfun og keppni sé við hæfi iðkenda með tilliti til aldurs, reynslu og hæfileika.
4. Haltu á lofti heiðarleika (Fair Play) innan íþróttarinnar.
5. Viðurkenndu og sýndu virðingu þeim ákvörðunum sem dómara taka.
6. Fáðu iðkendur til að vera með í ákvörðunum sem tengjast þeim og kenndu þeim að bera ábyrgð á eigin hegðun og framförum í íþróttinni.
7. Vertu réttlátur, umhyggjusamur og heiðarlegur gagnvart iðkendum þínum.
8. Viðhafðu jákvæða gagnrýni og forðastu neikvæða gagnrýni.
9. Settu ávallt á oddinn heilsu og heilbrigði iðkenda þinna og varastu að setja þá í aðstöðu sem ógnað gæti heilbrigði þeirra.
10. Sýndu athygli og umhyggju þeim iðkendum sem orðið hafa fyrir meiðslum.
11. Leitaðu samstarfs við aðra þjálfara og sérfræðinga þegar þess þarf.
12. Viðurkenndu rétt iðkandans til þess að leita ráða frá öðrum þjálfurum.
13. Samþykktu aldrei ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.
14. Beittu (iðkanda) aldrei kynferðislegu, líkamlegu eða andlegu áreiti.
15. Taktu aldrei að þér akstur iðkenda, hvorki á leiki né æfingar, nema með leyfi foreldra.
16. Sinnntu iðkendum á æfingum en þess utan skaltu halda þig í faglegri fjarlægð. Forðastu samskipti gegnum síma og Internetið nema til boðunar æfinga og upplýsingagjafar.
17. Náið líkamlegt samband við iðkanda er ekki leyfilegt.
18. Ekki er æskilegt að vera vinur iðkanda sem er yngri en 18 ára á samfélagsmiðlum.
19. Öll samskipti við iðkanda á samfélagsmiðlum skulu fara fram í hópsamtölum/ hópsíðum. Hverskyns einstaklings samtöl milli iðkenda og þjálfara á samfélagsmiðlum eru ekki æskileg.
20. Aldrei eiga í samskiptum við iðkanda með kynferðislegum undirtóni eða vísa í eitthvað slíkt.
21. Ekki vera með niðrandi athugasemdir um iðkanda, svo sem um holdafar, kynþátt, kynhneigð, trúarskoðanir eða stjórnmálaskoðanir iðkanda.
22. Talaðu alltaf gegn notkun ólöglegra lyfja.
23. Talaðu ávallt gegn neyslu áfengis og tóbaks.
24. Komdu eins fram við alla iðkendur, óháð kyni, kynþætti, stjórnmálaskoðunum, trúarbrögðum og kynhneigð.
25. Notfærðu þér aldrei aðstöðu þína sem þjálfari til að uppfylla eigin áhuga á kostnað iðkandans.
26. Hafðu ávallt í huga að þú ert að byggja upp fólk, bæði líkamlega og andlega.
27. Vertu meðvitaður um hlutverk þitt sem fyrirmyndar, bæði utan vallar og innan.



FORVARNAR- STEFNA

HSV



Mikilvægt er að Héraðssamband Vestfirðinga stuðli að því að forvarnarstefna sé til og virk innan íþróttafélaga sambandsins. Neysla vímuefna og íþróttir fara ekki saman og hefur skaðleg áhrif á árangur í íþróttum. Sýnt hefur verið fram á það í rannsóknum á börnum og unglingum að þeim ungmennum sem eru virk í íþróttastarfi reiði betur af í daglegu lífi, standi sig betur í námi og neyta síður vímuefna.

Héraðssambandið leitast eftir að hafa skýra afstöðu gegn neyslu vímuefna í tengslum við íþróttir og starf íþróttafélaganna. Héraðssambandið hvetur íþróttafélög innan sambandsins að taka upp forvarnarstefnu gegn neyslu vímuefna. Þegar átt er við vímuefni er átt við neyslu áfengis, tóbaks og annarra vímuþjafa sem og neyslu hormónalyfja sem ekki eru tekin í lækningalegum tilgangi eftir tilvísun læknis.

Til að ná árangri í framkvæmd á þessu hefur Héraðssambandið sett sér markmið.

Markmið:

Hvert og eitt félag skilgreini sitt fræðslu og forvarnastarf. Félögin eru sjálf ábyrg fyrir framkvæmd stefnunnar. Mikilvægt er að íþróttahreyfingin sé trúverðug í fræðslu- og forvarnastarfi. Áfengis- og eða tóbaksneysla á ekki að eiga sér stað í tengslum við íþróttastarf, s.s.:

- Áfengissala í tengslum við íþróttakeppni.
- Áfengisneysla í lokahófum þar sem börn og unglingar eru á.
- Reykingar og munntóbaksneysla á íþróttasvæðum.
- Áfengisauglýsingar á eða við íþróttasvæði.

Íþróttafélög þurfa að skapa aðstæður svo öll börn og unglingar geti stundað íþróttir. Íþróttafélög setji sér reglur og/eða marki sér stefnu í forvarnarmálum samkvæmt stefnu ÍSÍ. Félög og deildir fræði börn og unglinga um skaðsemi vímuefna auk þess sem þau fræði sína ungu iðkendur um lyfjamál og bendi þeim á þær hættur sem geta fylgt lyfjanotkun.



FYRIRMYNDIR HJÁ VESTRA



Vestri leggur mikla áherslu á að þjálfarar og aðrir þeir sem starfa með félaginu séu iðkendum ávallt til fyrirmyndar.

Ég er fyrirmynd!

- Ég er stundvís. Ég gef mér tíma til að undirbúa æfingar, sækja bolta og önnur tæki fyrir iðkendur, ég kem upplýsingum til iðkenda og foreldra til skila á réttum tíma.
- Ég er Vestramaður, ég er klæddur Vestramerknum fatnaði á æfingum, mótum og öðrum upþákomum á vegum Vestra s.s. foreldrafundum.
- Ég kem fram af kurteisi við iðkendur, foreldra, mótherja og dómara á æfingum, í leikjum, á mótum og á fundum.
- Ég gæti orða minna og forðast niðrandi ummæli og ég gæti fordómaleysis í garð iðkenda, foreldra og mótherja.
- Ég tala ávallt tala vel um félagið og allar deildir þess en kem ábendingum um það sem betur má fara á framfæri til réttra aðila.
- Ef þjálfari verður var við einelti í garð iðkenda af hálfu annarra iðkenda, foreldra eða annarra þjálfara ber honum að skerast í leikinn og koma málinu til réttra aðila, barna og unglingaráðs deildarinnar eða íþróttafulltrúa
- Ég hrósa, hvet og efli einstaklinginn, og kenni iðkendum að taka mótlæti og gagnrýni á uppbyggilegan hátt og með engum hætti brýt ég einstaklinginn niður og dreg úr sjálfstrausti hans.
- Þjálfari skal í samráði við deildir leitast við að kynna sér nýjungar í þjálfun og efla og styrkja sig sem þjálfara.
- Ég neyti aldrei, tóbaks, áfengis né annarra vímuefna á leikjum, í mótum eða þar sem barnungir iðkendur Vestra eru.
- Ég er ein sterkasta fyrirmynd sem ungir krakkar hafa. **Ég er til fyrirmyndar.**



JAFNRÉTTIS- STEFNA VESTRA



Það er stefna íþróttafélagsins Vestra að allir eigi jafnan rétt til þátttöku í íþróttum hjá félaginu og fordómar, einelti og hvers kyns ójafnrétti innan félagsins er ekki liðið.

Allir einstaklingar innan Vestra skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kynferði, kynþætti, kynhneigðar, aldurs, trúarbrögðum, skoðunum, þjóðerni, litarhætti, uppruna, efnahag, fötlunar eða stöðu að öðru leyti. Félagið leggur áherslu á gagnkvæma virðingu í öllu starfi. Niðurlægjandi framkoma svo sem einelti, ofbeldi, kynferðisleg áreitni, illt umtal og ósæmilegar vígsluathafnir er ekki liðin innan félagsins.

Til að stuðla að jafnrétti innan félagsins leggur Vestri áherslu á:

- Að jafnréttissjónarmiða sé gætt í hvívetna í starfi félagsins og að hvers kyns kynja- eða kynþáttamismunum verði ekki liðinn.
- Að veita báðum kynjum jöfn tækifæri til æfinga. Ekki er gerður greinarmunur á drengja- og stúlknaflökkum við útteilingu æfingátíma og skulu bæði kyn njóta sömu eða sambærilegrar aðstöðu og aðbúnaðar við æfingar.
- Að allir iðkendur eiga rétt á góðum þjálfara sem hæfir getu þeirra og aldri. Nauðsynlegt er að hafa vel menntaða og hæfa þjálfara í öllum flokkum.
- Að gerðar séu sömu ráðningarkröfur til þjálfara drengja- og stúlknaflokka. Leitast sé eftir því að hafa sem jafnasta kynjaskiptingu þjálfara og aðstoðarþjálfara hjá félaginu.
- Að þjálfarar njóti sömu launa, óháð kyni, fyrir sömu eða sambærileg störf.
- Að umfjöllun um bæði kynin og íþróttagreinar sé sem jöfnust á vefsíðum félagsins og í öllu efni sem félagið lætur frá sér fara.
- Að þess sé gætt við skipan í stjórn, ráð og nefndir að hlutfall kynjanna sé sem jafnast.
- Mikilvægi þess að öllum líði vel í leik og starfi innan félagsins og sá grundvallarréttur að fá að vera óáreittur sé virtur. Einelti innan félagsins er ekki liðið en lögð áhersla á jákvæð samskipti þar sem hver og einn er ábyrgur fyrir orðum sínum og gjörðum.
- Að iðkendur, félagsmenn og starfsmenn hafi ekki uppi orð eða athafnir sem líta má á sem fordóma gagnvart öðrum (s.s. vegna kynferðis, kynþáttar, kynhneigðar, trúarbragða, þjóðernis eða efnahags), hvort sem um ræðir einstaklinga eða hópa innan eða utan félagsins.

Jafnréttisstefna íþróttafélagsins Vestra nær til iðkenda, þjálfara, stjórna og starfsfólks. Stefnan gildir í allri starfsemi félagsins. **Hún er endurskoðuð og lagfærð ef þurfa þykir.** Stjórn Vestra væntir þess að allir félagsmenn, ungir sem aldnir leggi sitt að mörkum til að jafnréttisstefna félagsins nái fram að ganga.

ÁRSREIKNINGUR VESTRA

**Íþróttafélagið
Vestri
2024**

Samanlagðir ársreikningar aðalstjórnar og deilda

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og áritun skoðunarmanna	2
Skýrsla endurskoðanda	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5-6

Skýrsla og undirritun stjórnar


Að álit stjórnar Íþróttafélagsins Vestra koma fram í ársreikningi þessum allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar er til að glöggva sig á fjárhagsstöðu í árslok og rekstrarárangri ársins.

Ísafirði, 14. apríl 2025


Aritun skoðunarmanna

Undirritaðir hafa farið yfir reikninga félagsins og kynnt sér innistæður á bankareikningum og stöðu lánaðrottna án athugasemda.

Ísafirði, 14. apríl 2025


Aselís B. Pálsdóttir
Sigrún Sigmundsdóttir

Skýrsla endurskoðanda

Til stjórnar Íþróttafélagsins Vestra.

Við höfum aðstoðað við gerð samstæðuársreiknings ársins 2024 fyrir Íþróttafélagið Vestra. Ársreikningurinn er saminn eftir ársreikningum aðalstjórnar og deilda félagsins og hefur að geyma rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar með það að markmiði að aðstoða stjórn og stjórnendur Íþróttafélagsins Vestra við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum frá stjórnendum þess.

Samkvæmt lögum er stjórn ábyrg fyrir gerð reikningsskilanna. Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn eða kannað hann og látum því ekki í ljós álit okkar á honum.

Ísafirði, 14. apríl 2025

Endurskoðun Vestfjarða ehf.



Bjarki Bjarnason
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2024

	2024	2023
Rekstrartekjur:		
Framlög og styrkir	198.226.306	133.477.774
Ferðastyrkir	6.422.006	6.633.777
Lottó og getraunir	2.436.832	3.904.235
Tekjur af mótum	5.971.297	4.375.033
Tekjur v/ æfingabúða ofl	3.030.857	0
Æfingagjöld	16.043.135	10.514.681
Fjárafilanir	18.577.072	28.115.376
Aðrar tekjur	14.825.198	13.181.985
	265.532.703	200.202.861
Rekstrargjöld:		
Laun og verktakagreiðslur	158.317.594	103.380.075
Félagaskipti og sala leikmanna	(12.255.536)	734.729
Búningar, áhöld og tækí	8.256.491	8.354.546
Ferða- og uppihaldskostnaður	55.570.336	52.089.054
Þátttaka í mótum	12.823.170	9.870.843
Íbúðir og bílar	23.718.223	14.511.772
Rekstur skrifstofu	9.372.891	9.690.400
Kostnaður vegna fjárafilana	2.489.808	2.676.334
Annar kostnaður	2.779.767	3.480.234
	261.072.744	204.787.987
Rekstrarhagnaður (tap) án fjáreignatekna og fjármagnsgjalda ...	4.459.959	(4.585.126)
Fjáreignatekjur og (fjármagnsgjöld):		
Vaxtatekjur	2.460.006	1.660.185
Vaxtagjöld	(893.234)	(828.321)
	1.566.772	831.864
Hagnaður (tap) ársins	6.026.731	(3.753.262)

Efnahagsreikningur

Eignir		Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Fastafjármunir:				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Leikmenn			3.798.500	1.600.000
Bifreiðar og tæki			3.044.011	508.000
	Fastafjármunir		<u>6.842.511</u>	<u>2.108.000</u>
Veltufjármunir:				
Skammtímakröfur:				
Birgðir			524.000	0
Viðskiptakröfur			18.764.154	16.231.074
Handbært fé			40.410.997	28.936.997
	Veltufjármunir		<u>59.699.151</u>	<u>45.168.071</u>
	Eignir samtals		<u><u>66.541.662</u></u>	<u><u>47.276.071</u></u>

31. desember 2024

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Eigið fé:			
Eigið fé 1/1		41.213.774	14.839.695
Endurmat leikmanna		1.650.000	(600.000)
Afkoma ársins		6.026.731	18.413.087
	Eigið fé	<u>48.890.505</u>	<u>32.652.782</u>
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir		8.186.903	1.739.126
Viðskiptaskuldir		4.909.879	7.191.637
Aðrar skammtímaskuldir		4.554.375	5.692.526
	Skammtímaskuldir	<u>17.651.157</u>	<u>14.623.289</u>
	Skuldir samtals	<u>17.651.157</u>	<u>14.623.289</u>
	Skuldir og eigið fé samtals	<u><u>66.541.662</u></u>	<u><u>47.276.071</u></u>

